

## Umræðupunktur um myndband

Sjá nánar um hugtök launaseðilsins í handriti

**1. Hvað kom fram í myndbandinu?** Hér er gott að fá nemendur til að nefna eitthvað sem fjallað var um, eins og skattur, lífeyrissjóður osv.frv.

**2. Er eitthvað á launaseðlinum sem þið mynduð vilja losna við? Af hverju?**

**3. Hvað er lífeyrissparnaður?**

Við byrjum að greiða í lífeyrissjóð næstu mánaðamót eftir 16 ára afmælisdaginn, en öllum sem eru í vinnu á aldrinum 16 – 70 ára er skylt að greiða 4% af launum sínum í lífeyrissjóð. Atvinnurekandinn greiðir frá 8% - 11,5% af mánaðarlaunum starfsmannsins í lífeyrissjóðinn sem mótframlag, en sú prósentu er misjöfn eftir því í hvaða stéttarfélagi maður er. Þegar við eldumst og hættum að vinna þá fáum við greitt úr lífeyrissjóðnum til æviloka. Það er misjafnt í hvaða lífeyrissjóði starfsmenn greiða og fer það oft eftir því við hvað þeir starfa, t.d. eru starfsmenn ríkisins og fleiri skyldugir til að greiða í ákveðinn lífeyrissjóð en aðrir geta valið. Okkar starfsmaður, varð 16 ára í ágúst og byrjaði að greiða í lífeyrissjóð í september.

**4. Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?**

Margir ákveða að greiða önnur 2 - 4% í viðbótarlífeyrissparnað til að eiga enn meira þegar þeir hætta að vinna. Ef starfsmaðurinn greiðir í viðbótarlífeyrissparnað á atvinnurekandinn einnig að greiða mótframlag sem nemur 2% af heildar launum, sem er í raun launahækkun sem rennur óskert inn á sparnaðinn, en þessa launahækkun fær maður ekki nema greiða í viðbótarlífeyrissparnað. Starfsmaður getur valið sér lífeyrissjóð fyrir viðbótarsparnaðinn, sem þarf ekki að vera sami lífeyrissjóðurinn og hann greiðir skyldulífeyrissparnaðinn í.

Gott er að nefna að þau geti sparað skattfrjálst fyrir útborgun í fyrstu íbúð með greiðslum í viðbótarlífeyrissparnað.

**5. Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?**

Dagvinna eru unnir vinnutímar á daginn en eftirvinna eru unnir vinnutímar á kvöldin og um helgar.

## 6. Hafið þið heyrt um jafnaðarkaup?

Nokkuð algengt er að fólk sem starfar í blandaðri vinnu, þ.e. dag-, kvöld- og helgarvinnu sé boðið svokallað jafnaðarkaup. Þá er starfsmanninum boðið kaup sem er örlítið hærra en kaup fyrir klukkutímann í dagvinnu. Hins vegar fær þá starfsmaðurinn sömu laun á tímann fyrir kvöld- og helgarvinnu. Í einhverjum tilvikum er um að ræða vinnustaði þar sem kvöld- og helgarvinna er algengari, svo sem kaffihús og veitingastaði sem frekar eru opnir um kvöld og helgar. Ef vinnuveitandi býður starfsmanni jafnaðarkaup skal liggja fyrir hver vinnutíminn er og á starfsmaður að vera meðvitaður um að hann tapi ekki á því að þiggja jafnaðarkaup, frekar en dagvinnu og eftirvinnu.

## 7. Hvað eru rauðir dagar? – getið þið nefnt dæmi um þá?

Á þessum dögum er ekki vinnuskylda. Ef unnið er á þessum dögum greiðist aukaálag fyrir til viðbótar við fasta og reglubundna vakt á þessum dögum.

Dæmi um slíka daga eru:

Skírdagur, annar í páskum, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, sumardagurinn fyrsti, frídagur verslunarmanna, annar í jólum, 1. maí, nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. Júní, jóladagur, og svo eftir kl.12 á aðfang- og gamlársgang.

Á yfirlitinu frá áramótum kemur fram að okkar starfsmaður er með 9 vinnutíma skráða sem stórhátíðaralag frá áramótum. Góð regla er að halda vel utan um þessa daga og bera saman við launaseðilinn.